

Skipulag stærðfræðikennslu á unglingastigi

Staður: Menntavísindasvið HÍ

Einnig verður hægt að taka þátt gegnum fjarfundarbúnað

**Kennt verður fimmtudagana
4. nóvember og 25. nóvember**

kl. 14:30-17:00

Umsjón: Guðbjörg Pálsdóttir, dósent,
Menntavísindasviði HÍ

Kennarar: Ingveldur Ragnarsdóttir og
Laufey Einarsdóttir kennarar í
Sæmundarskóla

Á námskeiðinu munu Ingveldur og Laufey segja frá hvernig þær byggja upp og skipuleggja stærðfræðikennslu sína út frá hugmyndum Jo Boaler.

Fyrri daginn segja þær frá hvernig þær byrja haustið á að vinna með viðhorf og vinnubrögð og skipuleggja síðan námið í lotum. Þær munu segja frá áherslum sínum og hvernig þær birtast í kennsluháttum. Þátttakendur fá tækifæri til að ræða hugmyndir þeirra um uppbyggingu vetrarstarfsins og miðla af eigin reynslu.

Seinni daginn munu þær sýna dæmi um lotur þar sem fengist er við afmarkaða þætti stærðfræðinnar á fjölbreyttan hátt. Þar fá þátttakendur tækifæri til að prófa verkefni, skoða úrlausnir nemenda og námsmat.

Verð: 10.000.-

[Skráning hér](#)



HÍ | MENNTAVÍSINDASVIÐ

